

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hraungerðishreppi.

Hraungerði.

Hreppsnefnd Hraungerðishrepps samþykkti þann 30. apríl 2003 deiliskipulag fyrir Hraungerði. Í því felst að byggingareitur er fyrir annað íbúðarhús og byggingareitur fyrir vélageymslu. Einnig er gert ráð fyrir breyttri aðkeyrslu að útihúsum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Reykjasel.

Hreppsnefnd Hraungerðishrepps samþykkti þann 26. janúar 2004 deiliskipulag fyrir nýtt býli sem heitir Reykjasel. Þar er gert ráð fyrir íbúðarhúsi, útihúsi og 2 frístundahúsum.

Deiliskipulagið hefur öðlast þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Halakot.

Hreppsnefnd Hraungerðishrepps samþykkti þann 31. júlí 2002 deiliskipulag fyrir frístundabyggð á spildu úr landi Halakots.

Þar er gert ráð fyrir 23 frístundahúsum.

Deiliskipulagið hefur öðlast þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Pingborg, 2. apríl 2004.

Guðmundur Stefánsson, oddviti Hraungerðishrepps.

GJALDSKRÁ

fyrir almenna sorphirðu og förgun úrgangs frá fyrirtækjum í Hörgárbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 að leggja á sorphreinsi- og sorpeyðingargjald árlega í sveitarfélaginu. Skal gjaldið innheimt með fasteignagjöldum.

Sorpgjald á íbúðir, árgjald kr. 8.000.

2. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið gjald vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum kr. 2,05 pr. kg án virðisaukaskatts.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar 3. desember 2003 er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Hörgárbyggð, 26. mars 2004.

Helga A. Erlingsdóttir, sveitarstjóri í Hörgárbyggð.